



# Opin netnámskeið (MOOC) í háskólakennslu: Trufl eða tækifæri?



## MOOC við HÍ?

Erindi flutt á Menntakviku 3.10. 2014

Sólveig Jakobsdóttir, [soljak@hi.is](mailto:soljak@hi.is)


Salvör Gissurardóttir, [salvor@hi.is](mailto:salvor@hi.is)

Menntavísindasviði Háskóla Íslands



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Menntakvika 2014





# MOOC – opin netnámskeið?

- MOOC = massive open online learning
- Tvær megingerðir
  - cMOOC (tengistefna: tengslanet, deila efni, taka þátt)
  - xMOOC (atferlismiðað: efni – próf, +samfélag)





# Starfshópar við HÍ 2013-14

- Hjálmtýr Hafsteinsson o.fl. (2013). Skýrsla starfshóps háskólaráðs um vefstudda kennslu og nám.

[http://www.hi.is/sites/default/files/mooc\\_skyrsla\\_endanleg\\_mai2013\\_4.pdf](http://www.hi.is/sites/default/files/mooc_skyrsla_endanleg_mai2013_4.pdf)

- Tilraunir með að flétta MOOC inn í námskeið við HÍ. Starfshópur - nokkrir áhugasamir kennarar með námskeið á mismunandi sviðum





# Sólveig: Fjarnám og –kennsla vor 2013

- Vor 2013 Fjarnám og –kennsla, val-verkefni (25%) taka þátt í MOOC námskeiði og skila skýrslu.
- Setja sig í spor starfshóps, tillögur um nýtingu MOOC námskeiða við HÍ
- Tveir af 18 (1 karl, 1 kona) völdu, hinir hönnuðu Moodle námsþætti
- Verkefni kom vel út. Annar mjög ánægður, hannaði opið netnámskeið í Moodle um LUA forritun sem lokaverkefni (50%). Hinn gagnrýnni ekki eins hrifinn af þessu námsformi.





# Sólveig: Fjarnám og –kennsla vor 2014

- Skylda, fyrsta verkefnið (25%)
- 17 nemar: 3 hópar og 1 stakur
- Val staðlotu 1, kynning staðlotu 2
- Skýrsla: Reynsla hópsins af opnum netnámskeiðum, hugmyndum um nýtingu við HÍ, í starfsþróun eða eigin starfi.
- Sumir tóku allir sama netnámskeið aðrir mismunandi námskeið





# Sólveig: 2014 ábendingar

- Skýrsla (Hjálmtýr Hafsteinsson o.fl., 2014)
- MOOC.CA
- Yfirlit EdTechReview  
(<http://edtechreview.in/news/866-list-of-over-160-free-online-courses-moocs-starting-in-january-2014>),
- Nokkur námskeið skv. ábendingum SJ





MOOC námskeið - bætið við eftir þörfum	Kerfi - aðili	Tímabil	Skráðir nemar...
K-12 Blended & Online Learning <a href="#">Slóð</a>	Coursera : U. Syst. of Georgia & Kennesaw State U	6.1.-3.3.	2800...
Moodle for Teachers (M4T) <a href="#">Slóð</a>	Wiziq - Integrating Technology 4 Active Lifelong Learning	13.1.-16.2.	~1056...
Programming Mobile Applic. for Android Handheld Sys. <a href="#">Slóð</a>	Coursera: U of Maryland	21.1. (8 vikur)	120.000... forskráðir
Digital citizenship <a href="#">Slóð</a>	Wordpress o.fl. U of Alaska, Ohler	12.1.-4.5.	~143...
Advanced Instructional Strategies in the Virtual Classroom <a href="#">Slóð</a>	Coursera	27.1.-(5 vikur)	
Digital learning transition <a href="#">Slóð</a>	Class Central	20.1.-23.3.	





# Sólveig: 2014, námskeiðin

- Hópur 1 – (5): Digital citizenship and ethics in educational technology; How viruses cause disease; K-12 blended and online learning; Gamification
- Hópur 2 – (5): K-12 Blended & Online L.  
Hópur 3 – (6): K-12 Blended & Online L.  
Stakur: Inngangur að fjármálum.







# Sólveig 2014, vinnulag dæmi

- Nemendur unnu verkefnið vel, áhugasamir um það og þessa tegund námskeiða.
- Vinnulag dæmi: Við völdum námskeiðið vegna þess að efni þess tengist innihaldi námskeiðsins í HÍ og ekki skemmdi fyrir að kennarinn mælti með því að við tækjum það. Við höfðum allar hug á að taka þetta sama námskeið og fannst jákvætt að geta talað saman um námskeiðið fremur en að vinna hver í sínu horni og hafa engin samráð. Þar sem við vorum fimm saman í verkefninu var ákveðið að allar myndu taka námskeiðið í heild sinni. Við horfðum á öll kennslumyndböndin ásamt því að taka prófin og punktuðum niður hugleiðingar varðandi námskeiðið. Ákveðið var að hver og ein færi sérstaklega vel yfir ákveðnar vikur og tæki allt sem tengdist þeim vikum þ.m.t. umræður og Twitter. Tilgangurinn með því var að fá dýpri skilning á þessu yfirgripsmikla námskeiði því erfitt hefði verið fyrir hvern einstakling að kafa djúpt í allt sem tengdist því. Hópurinn hittist tvisvar á tímabilinu til að bera saman bækur sínar, umræðuhópur var stofnaður á Facebook þar sem við töluðum reglulega saman og einnig útbjuggum við Google docs skjal þar sem við settum inn punkta og hugleiðingar jafnóðum. Að lokum gerðum við Power Point glærukynningu sem við kynntum í staðlotu.





# Sólveig 2014, viðbrögð

- Námskeið einkennast af góðu skipulagi,
  - efni skipt í vel aðgreinda hluta og námsefni,
  - stuðnings-/ítarefni aðgengilegt og fjölbreytt.
  - Myndbönd stutt, hnitmiðuð og skýr og þægilegt að hlusta á í snjallsíma.
  - Góðar kynningar á kennsluáætlun/ kennara.
- Báru mót uppeldisfræði sem byggt var á.
- Ánægja með spjallborð, gagnleg.
  - margt áhugavert, nýir vinklar, jákvætt að vera í samskiptum við fólk með ólíkan bakgrunn.





# Sólveig 2014, álitamál

- Ýmis álitamál: brottfall, skortur á samskiptum við kennara og stuðningi við nemendur, félagslega þáttinn, tungumál; of mikið miðað við bandaríska menningu.
- Spurning um hvort sama námsformið gengi fyrir alla: þarna virtist á ferðinni fjölföldun á þekkingu eða páfagaukalærdóm.





# Sólveig 2014, framtíðin, þróun?

- MOOC-námskeiðin reynst hópnum vel,
- Vísir að framtíðarskipan menntunar á efstu skólastigunum. Hin hefðbundna háskólakennsla á leið út á vefinn
- Miklir möguleikar varðandi starfsþróun, auðveldara að mennta sig og sífelld meira framboð af námskeiðum og námsefni.
- Ekki komið algerlega í stað háskólakúrsa.





# Salvör: Nám og kennsla á Netinu

## Tilgangur MOOC innlags

- Að kynnast MOOC frá sjónarhóli nemanda, að hafa verið sjálfur nemandi á slíku námskeiði sem nær yfir lengri tíma (fjórar vikur eða lengur)
- Að geta borið saman MOOC námskeið á mismunandi sviðum, með mismunandi sniði og mismunandi uppsetningu og byggt upp og notað gátlista til að meta og fjalla um slík námskeið og geti tengt greiningu og umfjöllun um slík námskeið fræðilegri umræðu og námskenningum.
- Að þekkja til þróunar í MOOC námskeiðum, á hvaða hefð þau byggjast, hver er núverandi staða og hver er líkleg þróun





# Salvör: Nám og kennsla á Netinu

## Viðfangsefni nemandans

- Skýrsla yfir eigin þátttöku og eigin vinnu í einu MOOC námskeiði sem tengist viðfangsefnum á námskeiðinu Nám og kennsla á Netinu eða er á svipuðu fræðasviði
- Greining á MOOC námskeiði á einhverju öðru sviði (hver nemandi tekur eitt námskeið fyrir).
- Þátttaka í umræðum á Moodle um MOOC, umfjöllun og endurgjöf til samnemenda, þátttaka í uppbyggingu gátlista um mat á slíkum námskeiðum
- Þátttaka í netfundum (vikulegum fundum í Adobe connect) í tengslum við MOOC námskeið





# Salvör: Nám og kennsla á Netinu Hvernig gekk?

- Mikil vinna nemenda
- Mikill áhugi á námsefni, sérstaklega upptökum
- Talið of tímafrekt að taka þátt í nemendasamfélagi á MOOC og skila verkefnum þar
- Lítil áhugi á prófum/mati inn á MOOC





# Salvör: Námsmat, umræður, straumar úr skýrslu nemanda frá xmooc námskeiði

„Fljótt á litið virtist þetta álitlegasta námskeið en mér leist samt ekki á að taka þátt. Mér fannst ég ekki finna tengingu á milli eigin starfs og viðfangsefni þessa námskeiðs ..... Ég sá að verkefni sem ég myndi vinna að nýttust hvorki í eigin starfi né eða inn á áhugasvið mitt og sá ekki tilgang með því að vinna að þeim. Auk þess sá ég ekki ástæðu til þess að setja mig inn í bandarískt skólakerfi og staðla.

## Eigin upplifun:

Þetta var fyrsta erlenda námskeiði sem ég hef skráð mig á. Allt var nýtt fyrir mér. Ég átti erfitt með að fylgjast með og skilja fyrirlesarana í fyrstu. Það var talað svo hratt og tæpt á orðunum. Þegar frá leið vandist það. Ég fylgdist með umræðum nemenda og fyrirlesturum, yfrleitt vikulega. Einnig eftirfylgd og aðstoð kennara við nemendur og samantekt á því sem farið hafði verið í yfir vikuna.

Það var ljóst að í alla staði var þetta mjög metnaðarfullt og gagnlegt námskeið. Sérstaklega fannst mér samantekt í lok hveftrar viku vera til fyrirmyndar. Þar var farið yfir ýmis vandamál sem höfðu komið upp hjá nemendum og gefnar leiðbeiningar og útskýringar.“







# Salvör: Námsmat, umræður, straumar úr skýrslu nemanda frá cmooc námskeiði

Félagamat (peer assessment)

•: „Ég tók ekki þátt í matinu, fannst það of tímafrekt. Ekki var ætlast til þess nema ef þeir ætluðu að fá staðfestingu á náminu.“

Umræður

•: „Ég fylgdist nokkuð með umræðum en tók sjaldan þátt í þeim. Þrátt fyrir að vera þokkalega læs á enskuna er ég lengi að skrifa og hugsa upp hvernig ég á að orða hugsanir mínar á ensku.

**Umræðurnar voru misjafnlega áhugaverðar.** Þrátt fyrir að áhersla væri lögð á að innlegg væru einungis hnitmiðuð og málefnaleg þá var ekki alltaf farið eftir því og snerust umræður stundum um tæknilega hluti. Af þessum sökum tók ég minni þátt í umræðum en annars hefði verið.“

Wiki og twitter:

•: „Ég get ekki sagt að ég hafi verið dugleg að fylgjast með þessu. Samt prófaði ég nokkrum sinnum“





# Salvör: úr skýrslu nemanda

„Ég er mjög ánægð með að hafa kynnst því að vera nemandi á MOOC námskeiðum. Það hefur veitt mér sýn á námsleiðir sem ég vissi ekki að væru til. MOOC er góð viðbót við það námsframboð sem fyrir er og veitir fólki fjölbreytilegra val en áður var. Þeim sem hentar að stunda nám á netinu eru ekki háðir þröngum og afmörkuðum námsbrautum og skólakerfum. Ég tel MOOC vera mjög góðan kost fyrir fólk sem vill fylgjast með og bæta við sig námi samhliða starfi. „





# Umræða

- Hver er reynsla ykkar?
- Hvernig sæjuð þið þetta nýttast?
- UT-MOOC fyrir íslenska kennara?
- Annað?

